

Söngleikurinn Pálmar- ungt afrekstónlistarfólk

Málsaðili : Garðabær
Tengiliður :
Dagsetning : 02.09.2021
Númer : 2109084
Flokkur : 05.60 Almennt efni um styrki

Efni :
Tvær ungar stúlkur, Guðrún Ágústa Gunnarsdóttir og Tinna Margrét Hrafnkelsdóttir sem unnu að gerð á söngleiknum Pálmar í starfi hjá Skapandi sumarstörfum í sumar hafa óskað eftir styrk svo uppsetning á söngleiknum í sal FG geti orðið að veruleika.

Um mjög áhugavert verkefni er að ræða sem unnið er að mikilli fagmennsku en þær Guðrún og Tinna hafa lært tónlist við Tónlistarskóla Garðabæjar frá unga aldri. Umfjöllunarefni söngleiksins er Pálmar Ólason arkitekt sem flutti ítalska dægurtónlist til landsins á 6. áratug síðustu aldar. Menningarfulltrúi mælir eindregið með að þessar ungu konur fái styrk til að verkefnið geti orðið að veruleika.